

Akraneskaupstaður  
Stillholti 16-18  
300 Akranes

Reykjavík 5. nóvember 2018  
UST201810-219/A.B.  
10.04.02

**Efni:** Lýsing - Aðalskipulag Akraness 2005 - 2017 - Smiðjuvallasvæði


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarssviðs Akraneskaupstaðar er barst 23. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að aðal- og deiliskipulagsbreytingu á Smiðjuvöllum á Akranesi.

Í lýsingu kemur fram að breytingin mun felast í einföldun og samræmingu skilmála á svæðinu og uppfærslu til samræmis við núverandi stöðu. Landnotkunarreitir verði sameinaðir á svæðinu, en ekki verður um að ræða grundvallarbreytingu á landnotkun eða afmörkun svæðisins í heild. Einnig kemur fram í greinargerð að gert ráð fyrir að lóðirnar Smiðjuvellir 12-22 verði sameinaðar í eina 19.500 m<sup>2</sup> lóð í fyrirbyggjandi tillögu að breyttu deiliskipulagi. Gert ráð fyrir léttum iðnaði, þjónustu og skrifstofum á lóðunum.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri skipulagslýsingu, gerð grein með skýrum hætti fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.


Umhverfisstofnun telur að óbreyttu, að skipulagsáætlunin gefi ekki tilefni til frekari umsagnar stofnunarinnar í skipulagsferlinu, þar sem á skipulagssvæðinu eru ekki friðlýst svæði, svæði á náttúruminjasrá eða svæði er njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Stofnunin bendir þó á að ef til þess kemur að veruleg frávik verða frá ofangreindri skipulagsáætlun, þá sérstaklega varðandi náttúruverndarsvæði þá gæti orðið tilefni til frekari umsagnar.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur